

## **Bókun á 1548. fundi flugráðs 28. apríl 2009 um verkefni í fyrirrúmi**

Flugráð samþykkir að eftirfarandi verkefni, sem hafa verið til ítarlegrar umfjöllunar á fundum ráðsins, fái skjóta úrlausn:

- Að samgöngumiðstöð verði reist við Reykjavíkflugvöll.
- Að strax verði leitað eftir undanþágum fyrir Ísland frá útblásturstilskipun ESB í flugi samkvæmt fyrri bókun ráðsins þar sem áhersla er lögð á að innanlandsflugið sé m.a. undanskilið.
- Að fjárhagslegur grundvöllur Flugstoða og Keflavíkflugvallar verði tryggður.
- Að fjárhagsleg rekstrarskilyrði flugfélaganna verði treyst, áframhaldandi áhersla verði lögð á gerð loftferðasamninga og ráðstöfunum beitt til að sporna gegn því að flugfélögin flytji starfsemi sína úr landi.
- Að hugað verði sérstaklega að því að veita fé úr flugmálaáætlun til kynningar og eflingar flugöryggismála í almannaflygi í samræmi við skýrslu um verkefnastofn.
- Að standa vörð um trausta þjónustu og öryggi í flugi og tryggja að Flugmálastjórn Íslands hafi fjárhagslegt svigrúm til að veita áfram öflugna grunnþjónustu samkvæmt lögum og alþjóðlegum kröfum.